



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um
embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og
fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2024, fimmtudaginn 29. febrúar kl. 09:03 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 12. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir.

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Tillaga um bann við lagningu ökutækja í Steinbryggju

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Steinbryggju

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 09:07

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga um bann við lagningu ökutækja í Steinbryggju

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Steinbryggju

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.


Greinargerð:

Steinbryggja er lítil gata sem tengir bílakjallara undir Hafnartorgi við Geirsgötu, en á svæðinu er mikið um gangandi vegfarendur. Borið hefur á því að ökutækjum sé lagt í götunni með þeim afleiðingum að útsýni er skert og skapast aukin slysaþætta.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd af Steinbryggju merkt með fyrirhuguðum umferðarmerkjum



Yfirlitsmynd af Steinbryggju merkt með fyrirhuguðum umferðarmerkjum